

# 293. fundur Skólameistarar FS

## 5. febrúar 2009



**Mættir:** Fanney D. Halldórsdóttir, Oddný Harðardóttir, Ingimundur Þ. Guðnason, Kristbjörn Albertsson og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Skólameistari setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Kosning formanns.
  2. Áherslur í skólastarfinu.
  3. Staða skólans.
  4. Starfsmannamál.
  5. Önnur mál.

### 1. Kosning formanns.

Formaður skólameistarar kosinn. Lagt til að Kristbjörn Albertsson verði formaður. Samþykkt samhljóða.

### 2. Áherslur í skólastarfinu.

Skólameistari sagði frá því helsta sem lögð verður áhersla á í skólastarfinu á þessu ári. Meðal annars á að freista þess að draga úr brottfalli, skipuleggja á stuttar starfsnámsbrautir og búa til eins árs sameiginlega grunndeild fyrir verknám. Nemendur í dagskóla eru nú 998, nemendur Kvöldskóla eru 135 og þá stunda 165 nemendur grunnskóla nám í einstökum áföngum.

### 3. Staða skólans.

Skólameistari sagði frá fjárhagsstöðu skólans. Útlit er fyrir að fjárveitingar til skólans dugi ekki til að sinna öllum þeim nemendum sem reikna má með að sækji um skólavist á haustönn. Þá er orðið þröngt um nemendur, sérstaklega er almennt rými orðið lítið fyrir þennan fjölda.


### 4. Starfsmannamál.

Kristján Ásmundsson gegnir starfi skólameistara á vorönn en Ólafur Jón Arnbjörnsson er í leyfi. Guðlaug Pálsdóttir áfangastjóri gegnir starfi aðstoðarskólameistara á meðan og í staðinn sjá Elín Rut Ólafsdóttir og Ægir Karl Ægisson um áfangastjórn.

**5. Önnur mál.**

- a) Lið skólans er komið í undanúrslit MORFÍS og þá er Gettu betur-liðið komið í 8 liða úrslit keppinnar. Verið er að undirbúa söngleik sem verður frumsýndur í mars.
- b) Ákveðið að fundir skólanefndar verði framvegis annan þriðjudag hvers mánaðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

  
Guðmann Kristþórsson,  
fundarritari